



## Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Vinlandsleið 14, 113 Reykjavík

Kennitala: 670900-2740

Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170

www.lyfjastofnun.is - lyfjastofnun@lyfjastofnun.is

Alþingi  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2010

Tilvísun: 061-1 / Málsnr:2010060253

### Efni: Umsögn um mál nr. 658 - sameining ráðuneyta


Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 22. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um sameiningu ráðuneyta.


Lyfjastofnun telur sameiningu ráðuneyta geta verið til hagsbóta. Í rannsóknarskýrslu Alþingis um efnahagshrunið og í skýrslu nefndar um endurskoðun á skipulagi stjórnarráðsins er þess m.a. getið að það háí stjórnsýslunni hversu veikburða hún sé vegna smæðar ráðuneyta. Lyfjastofnun telur því að það muni styrkja starfsemi ráðuneyta séu þau sameinuð í færri en stærri einingar. Hér er átt við ráðuneyti sem fjalla um skyld verkefni sem mögulega skarast, sem tvímælaust á við heilbrigðis- og félagsmál og atvinnumálin.

Eðlilegt framhald sameiningar ráðuneyta er sameining stofnana. Sameining ráðuneyta auðveldar sameiningu stofnana þegar verkefni skarast milli ráðuneyta. Þá skal bent á að hægt er að ná fram hagræðingu og skilvirkari stjórnsýslu með tilfærslu verkefna milli stofnana án mikils tilkostnaðar. Í sameiningu stofnana er mikilvægt að hafa í huga að samþætting skyldra verkefna skilar meira hagræði. Lyfjastofnun vekur athygli á riti fjármálaráðuneytisins frá desember 2008 þar sem er að finna leiðbeiningar um sameiningu stofnana og hversu mikilvægt er að vanda til verka í upphafi ef sameining á að skila árangri. Í riti fjármálaráðuneytisins er einnig vakin athygli á kostnaði við sameiningu m.a. vegna flutnings á starfsemi, samþættingu tölvukerfa, starfslokasamninga o.fl. Sameining skilar mögulega hagræðingu og betri stjórnsýslu eftir 1-3 ár ef vel tekst til.

Í núverandi sameiningarferlum er nauðsynlegt að skipuleggja sameiningar með heildaryfirsýn yfir skyld verkefni óháð því hvort verkefnin heyri til stofnana mismunandi ráðuneyta.

Virðingarfyllst,

  
Rannveig Gunnarsdóttir

  
Helga Þórisdóttir